

# Stjórnarfundur LH 15. janúar 2010

## 15. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Ísleifur Jónasson og Maríanna Gunnarsdóttir, Gunnar Sturluson og Þorvarður Helgason.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð samþykkt

### 2. Keppnisnefnd, málefni um reglugerð um innanhúsmóta.

Fundur hjá keppnisnefnd næstkomandi þriðjudag og málefnið tekið fyrir á næsta stjórnarfund. Senda bréf á mannvirkjanefnd varðandi þetta málefni.

### 3. Bréf frá Olil Amble og Huldu Gústafsdóttur.

Bréfið rætt og ákveðið að láta skoða af hverju það er sem konur/stúlkur falla út úr íþróttum, hugmynd um senda erindi út til háskólanna sem BS verkefni. Uppkast verður gert af béfi/svari til Olil og Huldu sent til þeirra.

### 4. Málefni LH

- Ráðstefna FEIF. Kalla saman fund fyrir þá sem fara út, auk nefnda sem tilheyra málaflökkum sem verða til umfjöllunar vikuna fyrir ráðstefnuna. Mikilvægt að allir mæti.
- Staðarval v LM 2014, funda með Skagfirðingum og Eyfirðingum. Stefnt að ákveðni dagsetningu, 29.janúar.
- Landsliðsmál: ákveða tímasetningu á fund með landsliði/hesteigendur/styrktaraðilum.
- Ráðstefna um hrossasjúkdóma, fá ákveðna dagsetningu í samráði við Gunnar Örn og Sigríði Björnsdóttur
- Dómararáðstefna í samráði við dómarafélögin.
- Tillögur um úthlutun dómara, vinna að tillögu fyrir þing.

### 5. Önnur mál

- **LM mál.**  
Jóna Fanneý Friðriksdóttir fjallar um undirbúning fyrir LM. Sjá fylgiskjal.  
Gera ráð fyrir sama fjölda og 2006.  
Fjármál: Sumir samningar en í gildi og aðrir ekki.  
Svæði: Gullhylur ehf með Vindheimamela.  
Þjónusta: samstarf við UMFÍ, varðandi tjöld og fánaborgir og fleira.  
Stúkur: Er verið að skoða þessi mál.  
Aðstaða: Í vinnslu með Gullhyl  
Miðasala: er að fara í gang  
Dagskrá: tilbúin, er komið inn á vef LM  
Veitingar: komnar í forval  
Starfsmannamál: lykilstarfsmenn hafa meldað sig inn fyrir LM 2010. Búið að ráða 2 starfsmenn nú þegar.  
Sjálboðaliðastarf á LM: Hafa meldað sig inn 20 útlendingar og 1 íslendingur sem hafa áhuga á að starfa á LM.
- Haraldur talar um viðburð á LM tengda gömlum formönnum LH, um að bjóða til skemmtiferða. HP og OÝS skoða málið.
- Öryggisnefnd LH  
Ragnheiður Davíðsdóttir hjá VÍS skipaður formaður öryggisnefndar LH.

- Mannvirkjanefnd sendi frá sér kvörðun varðandi LM staði, verður tekið til skoðunnar og sent á umsæjendur.
- Rædd voru samskipti LH og BÍ varðandi staðfestan dóm LH, ÍSÍ og FEIF. Ákveðið var að óska eftir fundi með forsvarsmönnum BÍ vegna málsins.
- Skörun mótadaga .  
SH. Lagði fram athugasemd vegna mótadaga, að skipuleggjendur innan LH tækju tillit til skipulagðrar mótadagskrár LH.
- ÍJ Stefnunótun Landsmóta  
Óskar eftir því að LH standi fyrir umræðum/málþingi/ráðstefnu með samstarfsaðilum um framtíðarstefnunótun Landsmóta og vísar til þingillögu frá síðasta þingi því til stuðnings.
- Kerkhart  
OH tilkynnti að Kerkart á Íslandi hefði gefið LH nýútgefin disk um járningar. Stjórn LH þakkar fyrir gjöfina.

*Fleira ekki fært til bókar*  
*Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*